



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. maí 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni) (Þingskjal 126 — 126. mál.)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir tækifærið sem þeim er veitt til að gera umsögn um ofangreint frumvarp.

Þegar fyrir liggur að stjórnvald hefur úrskurðað um að umgengni milli barns og foreldris skuli eiga sér stað ber að fara eftir úrskurði. Í öllum tilfellum er þó mikilvægt að horfa heildrænt á málefni hvers barns og taka ákvarðanir með það sem barni er fyrir bestu í forgrunni. Fjölskyldur í slíkum aðstæðum þarf að aðstoða og veita stuðning til að vinna úr samskiptavanda sínum eins og best er hægt barnsins vegna. Það er að mati samtakanna ótækt að barn sé í miðjum átökum foreldra sinna lengur en nauðsyn krefur. Bregðast þarf við með úrræðum sem virka og sem tryggja að allir gangi frá þeim með reisn og betri líðan.

Samtökin draga í efa að fangelsisrefsing foreldris verði nokkurn tíma barni fyrir bestu og hvetja því til þess að aðrar leiðir verði farnar við að stuðla að samvinnu foreldra. Aðrar leiðir hljóta að mati samtakanna að vera árangursríkari og færar. Notast skal við bestu þekkingu sem til er og leita fanga í erlendar rannsóknir og reynslu. Styrkja ætti sáttamiðlunarúrræðið hjá sýslumannsembættum eða leggja meiri áherslu á fjölskylduráðgjöf á fyrri stigum ágreinings. Það er gríðarlega mikilvægt að vinna gegn alvarlegum foreldraágreiningi eins og kostur er og að koma foreldrum til hjálpar við að styrkja sig sem einstaklinga og sem foreldra.

Barnaheill telja mikilvægt að vekja samfélagið til meðvitundar um stöðu barna sem búa við umgengnistálmanir og hvetja til samstarfs stjórnsýslunnar og fagsamfélagsins um frekari rannsóknir, þróun þekkingar og bætt verklag. Samtökin mæla með að skoðað verði gaumgæfilega hvaða aðferðum hefur verið beitt að hinum Norðurlöndunum t.a.m. og nýta bestu aðferðir þaðan.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og leggja mikla áherslu á vernd barna gegn ofbeldi og vanrækslu sem þau eiga rétt á samkvæmt Barnasáttmálanum. Börn eiga líka rétt á að þekkja og umgangast báða foreldra sína sem og að njóta umönnunar þeirra eftir því sem unnt er. Vanræksla þeirra réttinda er því brot gagnvart barni.